

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1665– 15. ágúst 2024, kl. 15:30 – 17:20 – fjarfundur

Efni fundarins:	Níundi stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Pátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinafundar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettanefndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Hugrún Elvarsdóttir ritari, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar.

Fundur settur kl. 15.35

Fundardagskrá

- Fundargerð síðasta fundar, nr. 1664**
- Fjármál – staðan og horfur**
 - Æfingabúðir 2024 – Yfirlit
 - Ársreikningar 2023 – síðari umræða og afgreiðsla
 - Fjárhagsáætlun fyrir 2025 og greiðslu- og tekjuáætlun 2024-2025
 - Samstarfssamningar við fyrirtæki (sponsors)
 - Mótaskráningar og uppgjör móta
 - Bréf frá FIS vegna sjónvarpsréttamál o.fl. a, dags. 1. ágúst sl.
- Aðstöðu- og tæknimál**
 - Skíðahús – viljayfirlýsing og staðan
 - Snjóþretti – dómaranámskeið og aðstöðumál
 - SMÍ og aðstöðumál SFF?
- Breyting á skipan Skíðagöngunefndar**
- Fundir og erlend samskipti**
 - FIS tæknifundir í Zürich, 23.-26. sept.
 - IBU þing í Belgrað, 27.-29. sept.
 - TD námskeið alpagreinum í Finnlandi 5. og 6. okt. nk.
- Næstu fundir**
 - Stjórnarfundur 5. september
 - Skíðaðing 20. og 21. september – tillögur stjórnar
- Önnur mál**
 - FIS Plus Programme, sjá [FIS Plus Programme \(FPP\) \(sharepoint.com\)](https://sharepoint.com)

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu frestað.

2. Fjármál – staðan og horfur

- 2.1. Æfingabúðir 2024 – Yfirlit um kostnaða nýafstaðinna æfingabúða og helstu æfingabúða sem fyrirhugaðar eru lagt fram.
- 2.2. Ársreikningar 2023 – síðari umræða. Ársreikningar 2023 lagðir fram og samþykktir af stjórn. Rætt um orsakir hallareksturs á síðasta ári og framkvæmdastjóri sendir stjórnarmönnum sundurliðun á rekstrartengdum skuldum og kostnaði við æfingabúðir.
- 2.3. Fjárhagsáætlun fyrir 2025 og greiðslu- og tekjuáætlun 2024-2025 lögð fram til umræðu og skoðunar. Endurskoðuð áætlun verður lögð fram á næsta fundi stjórnar og hún unnin í samráði við nefndir sambandsins. Ljóst er að fjárhagur er þröngur en útlit er fyrir auknar tekjur á næsta ári m.v. sl. tvö ár.
- 2.4. Samstarfssamningar við fyrirtæki (sponsors). Lagt fram yfirlit um gildandi samstarfssamninga og fyrirtæki sem SKÍ er í viðræðum við. Fundarmenn sammála því að setja aukinn kraft í verkefnið vegna undirbúnings fyrir skíðalandsliðs o.fl.
- 2.5. Mótaskráningar og uppgjör móta. Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmd uppgjör móta á sl. skíðatímabili. Afgreiðslu á tillögu fyrir þingið var frestað. Framkvæmdastjóri ræðir málin við formann Skíðagöngunefndar.
- 2.6. Bréf frá FIS vegna sjónvarpsréttamál o.fl. a, dags. 1. ágúst sl. Formaður gerði grein fyrir vinnu formanns FIS við að sameina sjónvarpsrétt af mótum FIS undir hatt sambandsins og aðkomu SKÍ á alþjóðlegum vettvangi í aðdraganda málsins. Hann fór einnig yfir væntanlegan fjárhagslegan ávinning fyrir FIS og aðildarsamböndin í kjölfarið. Frekari umræðu og ákvörðun frestað þar til að niðurstöður í málinu liggja fyrir.

3. Aðstöðu- og tæknimál

- 3.1. Skíðahús – viljayfirlýsing og staðan. Drög að viljayfirlýsingu SKÍ og Reykjavíkurborgar lögð fram að nýju. Vegna sumarleyfa hefur afgreiðsla málsins tafist hjá borginni.
- 3.2. Snjóbretti – dómaranámskeið og aðstöðumál. Svohljóðandi tillaga var samþykkt: Stjórn SKÍ samþykkir að halda námskeið fyrir landsdómara á snjóbrettum í haust, skv. *nánari ákvörðun Snjóbrettanefndar (SBN)*.

Jafnframt Snjóbrettanefnd ásamt framkvæmdastjóra falið að ræða við stjórnir skíðasvæða þar sem brettaíþróttin er stunduð um úrbætur þannig að hægt sé að stunda æfingar og halda innlend og FIS mót á snjóbrettum hér á landi víðar en hefur verið gert hingað til.

- 3.3. SMÍ og aðstöðumál SFF – Umræðu frestað.

4. Breyting á skipan Skíðagöngunefndar

Í ljósi þess að Rúnar Gunnarsson hefur sagt af sér úr Skíðagöngunefnd sambandsins, er formanni hennar falið að gera tillögu um nýjan mann í nefndina.

5. Fundir og erlend samskipti

- 5.1. FIS tæknifundir í Zürich, 23.-26. sept. Fundinn sækja formaður, framkvæmdastjóri og afreksstjóri.
- 5.2. IBU þing í Belgrað, 27.-29. sept. Þingið sækja formaður, formaður undirbúningsnefndar SKÍ og framkvæmdastjóri.

5.3. TD námskeið alpagreinum í Finnlandi 5. og 6. okt. nk. Þrír íslenskir tæknifulltrúar (Technical Delegates) í alpagreinum, sækja árlegt námskeið FIS sem að þessu sinni er í Levi í norðurhluta Finnlands.

6. Næstu fundir

6.1. Næsti fundur stjórnar var ákveðinn fimmtudaginn 5. september nk.

1.1. Skíðaþing 20. og 21. september – tillögur stjórnar. Yfirlit um helstu mál sem leggja þarf fram á komandi þingi lagt fram.

7. Önnur mál

7.1. Erindi frá FIS um Plus Programme 2024 samsbandsins, lagt fram.

Fundi slitið kl. 17.18.

Jónas Egilsson ritaði fundargerð.